



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

Ársskýrsla 2019



Ávarp stjórnarformanns

Við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) eru stundaðar rannsóknir í þeim þrettán erlendu tungumálum sem eru kennd við Háskóla Íslands, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum, kvikmyndum og menningu viðkomandi málsvæða. Megin fræðasvið stofnunarinnar eru hagnýt málvísindi, bókmenntir, fjölbreyttir, þýðingar, menningarfræði, svæðarannsóknir og sambýli íslensku og erlendra tungumála í sögu og samtíð. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hóf starfsemi undir nýju nafni sínu í október 2001 og árið 2019 var því átjándi starfsár hennar.

Starfsemi stofnunarinnar var bæði umfangsmikil og fjölbreytt árið 2019. Unnið var að því að treysta starfseminu og efla útgáfu og miðlun til almennings gegnum vel sóttu fyrirlestraröð. Starfsfólk og stjórn unnu mikið og gott starf á árinu við að finna þessari starfsemi farveg til frambúðar.

Öflugur hópur innlendra og erlendra fræðimanna kom að þeim mikla fjölda viðburða sem stofnunin stóð fyrir á árinu. Þar má nefna alþjóðlegar og innlendar ráðstefnur, málþing, fyrirlestra og sýningar. Flestir viðburðir voru unnir í samstarfi við Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og undir merkjum UNESCO, og einnig í samvinnu við innlendar og erlendar vísindastofnanir.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég stjórn, starfsfólki, bakhjörllum, samstarfsaðilum og öllum velunnurum fyrir ómetanlegan stuðning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum á liðnu starfsári.

Birna Arnbjörnsdóttir

Forstöðumaður og formaður stjórnar SVF

Stjórn og starfsmenn

Árið 2019 störfuðu 35 fræðimenn við stofnunina auk annars starfsfólks.

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur árið 2019 skipuðu Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í annarsmálsfræðum, sem var formaður, Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, Geir Þórarinn Þórarinsson aðjunkt í grísku og latínu, Oddný G. Sverrisdóttir prófessor í þýsku og Guðmundur S. Brynjólfsson, fulltrúi doktorsnema, Varamenn í stjórn voru Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, prófessor í dönsku.

Stjórnin kom saman 8 sinnum á árinu, auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur stjórna stofnunarinnar og Vigdísarstofnunar – Alþjóðlegrar miðstöðvar um tungumál og menningu.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Rebekka Práinsdóttir, en þær voru jafnframt ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Julian D'Arcy, prófessor í ensku, lét af störfum eftir 30 ára farsælan feril við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Julian er einnig virtur og afkastamikill þýðandi.

Magnús Sigurðsson, aðjunkt í þýsku, lét af störfum eftir áratugalangt starf við deildina. Rannsóknir Magnúsar beindust að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.

Erlendína Kristjánsson, aðjunkt í ensku, lést á árinu langt fyrir aldur fram. Erlendína sérhæfði sig í laga- og viðskiptaensku en hún var menntuð í enskum málvísindum og lögfræði.

Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Mála- og menningardeild. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, sambýli tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta.
- Menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.
- Þróun kennslufræði og kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu.
- Bókmennta- og nytjaþýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á fjölmenningsleg viðhorf og þekkingu á öðrum þjóðum og tungumálum og að fjöltyngi feli í sér persónulegan,

menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þvermenningarlega færni sem tekur mið af fjölbreyttum samskiptum á öllum sviðum mannlífs. Nýjum áskorunum sem samfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar standa frammi fyrir á alþjóðavettvangi verður ekki mætt nema með góðri samskiptafærni þvert á menningarheima.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli fjöltyngis og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum. Stofnunin miðlar upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjunga í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um fjöltyngi, bókmenntir og menningu, tungumálanám og -kennslu, þýðingar og menningarlæsi. Þetta hlutverk rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi í samstarfi við Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, útgáfu fræðiritna og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað samskipti í fjöltyngdum heimi. Rík áhersla er á að hagnýta

máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin heldur úti öflugri fræðilegri umræðu m.a. með fyrirlestraröðum og útgáfu vefritsins *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fræðimenn innan stofnunarinnar taka þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hóf formlega starfsemi sína samhliða opnun Veraldar – húss Vigdísar þann 20. apríl 2017. Ákveðið var við undirbúning starfseminnar að fyrstu árin yrðu helguð vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum, bæði rannsóknum og miðlun upplýsinga um tungumál og menningu á vestnorræna svæðinu.

Alþjóðlega miðstöðin og SVF áttu á árinu farsælt samstarf þar sem unnið var að framgangi tungumála og menningar. Starfsemi miðstöðvarinnar var að mörgu leyti samofin starfsemi stofnunarinnar, þar sem flestir viðburðir voru haldnir í sameiningu með faglegri umsjón Stofnunar Vigdísar en framkvæmd á vegum Miðstöðvarinnar. Yfirlit um viðburði á vegum SVF og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar má sjá síðar í skýrslunni.

Sebastian Drude, framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar, lét af störfum í maí 2019. Valgerður Jónasdóttir starfaði sem viðburðastjóri og Halldóra Jóhanna Þorlákasdóttir sinnti starfi kynningar- og vefritstjóra til 1. apríl, en sem

vefritstjóri til ársloka. Þórunn Elísabet Bogadóttir sneri aftur úr fæðingarorlofi 1. apríl og sinnti starfi kynningarstjóra fram í lok desember, þegar hún lét af störfum.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir var formaður stjórnar Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Aðrir í stjórninni voru Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir hönd íslensku UNESCO nefndarinnar, Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku, fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Geir Þórarinn Þórarinsson, aðjunkt í grísku og latínu, Þórhallur Eypórsson, prófessor í enskum málvísindum, og Irmgarda Kasinskaite Buddeberg, fyrir hönd UNESCO. Aðalfundur stjórnar Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar var haldinn 6. september þar sem fulltrúar hittust í Veröld – húsi Vigdísar en Irmgarda Kasinskaite, fulltrúi UNESCO í stjórninni, tók þátt í gegnum Skype.

Framkvæmdastjórn Alþjóðlegrar miðstöðvar skipuðu þau Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson, Guðrún Kvaran og Þórhallur Eypórsson.

Í byrjun september var hafist handa við gerð *Tungumála-stofunnar*, gagnvirkrar margmiðlunarsýningar sem verður opnuð í sýningarsal Veraldar - húss Vigdísar haustið 2020. Um er að ræða varanlega sýningu sem ætluð er til fræðslu og vitundarvakningar um tungumál heims í víðri merkingu.



Sýningin er unnin í samstarfi við Margmiðlunarfyrirtækið Gagarín og arkitektastofuna Andrúm. Að sýningunni starfa Birna Arnbjörnsdóttir og Halldóra Þorláksdóttir en í ráðgjafanefnd sitja Þórhallur Eyþórsson, Matthew Whelpton, Rósa Gísladóttir og Branislav Bédi.

Stiklur úr starfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Fyrirlestraraðir á vor- og haustmisseri

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóð fyrir fyrirlestraröð á vor- og haustmisseri 2019 þar sem tungumál heimsins voru skoðuð út frá fjölbreyttum sjónarhornum bókmennta, þýðinga, umhverfismála og fjölmiðla. Á vormisseri héldu tíu fræðimenn fyrirlestra auk þess sem tvö málþing voru haldin sem hluti af fyrirlestraröðinni. Á haustmisseri héldu níu fræðimenn fyrirlestra og haldnar voru pallborðsumræður en fyrirlestraröð haustmisseris lauk með málþingi sem haldið var til minningar um Erlendínu Kristjánsdóttur.

Sjá má yfirlit um alla fyrirlestra og fyrirlesara í lista yfir viðburði síðar í þessari skýrslu.

Fyrstu kynni – Grænlandingar á Ísafirði árið 1925
Margt var um manninn þegar sýning um fyrstu kynni Grænlandinga og Íslendinga var opnuð. Sýningin fjallar um

þann merkilega atburð í sögu Íslands, þegar danska skipið Gustav Holm kom til Ísafjarðar árið 1925 með 89 Grænlandinga um borð og átti heimsóknin mikinn þátt í að glæða skilning Íslendinga á nágrönnum sínum.



Meðal viðstaddra var fyrsti sendimaður Grænlandinga á Íslandi, Jacob Isboethsen, sem í ávarpi sínu kom inn á mikilvægi þess að styrkja enn frekar menningarleg tengsl Grænlandinga og Íslendinga og samgöngur milli landanna. Einnig héldu ávörp Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, Ann-Sofie Nielsen Gremaud, lektor í dönsku og Sumarliði R. Ísleifsson, lektor í sagnfræði. Aðstandendur sýningarinnar voru Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Landsbókasafn Íslands og

Byggðasafn Vestfjarða. Sýningarhöfundur var Sumarliði R. Ísleifsson, sýningarhönnun í höndum Björns G. Björnssonar og Ólafs Engilbertssonar en um grafíska hönnun sá Helga Dögg Ólafsdóttir. Sýningin stóð yfir frá 17. janúar til 30. júní 2019.



Samtal við leikhús – Málfundaröð til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur

Ný viðburðaröð, *Samtal við leikhús*, fór af stað á vormisseri. Um er að ræða röð málfunda og fyrirlestra þar sem atvinnuleikhúsfólk og fræðimenn í erlendum tungumálum

við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur koma saman og ræða uppsetningar á leikverkum í sýningu hjá leikhúsunum. Tilgangur raðarinnar er að heiðra Vigdísar Finnbogadóttur með viðburðum sem tvíanna saman tvö af helstu hugðarefnum hennar, leikhús og tungumál, og skapa vettvang fyrir fræðilega umfjöllun um leiklist og þýddar leikhúsbókmenntir sem höfðar til almennings, auka við faglega menningarumfjöllun á Íslandi og vekja athygli á sýningum leikhúsanna og þýðingum á leikverkum úr erlendum tungumálum.

Alls voru fjórir viðburðir haldnir árið 2019, ýmist í samstarfi við Borgarleikhúsið eða Þjóðleikhúsið, þar sem fjallað var um sýningarnar Ríkharður III, Jónsmessunæturdraum, Loddarann og ÖR (eða Maðurinn er eina dýrið sem grætur). Fjöldi þýðenda, leikstjóra, leikara og fræðimanna tóku þátt í þessum vel sóttu viðburðum.

Heimsókn Mary Robinson

Mary Robinson, fyrrum forseti Írlands, heimsótti Veröld – hús Vigdísar þann 19. ágúst. Með henni í för voru Hadeel Ibrahim, forstöðumaður Mo Ibrahim stofnunarinnar, sem er eftirlitsstofnun um stjórnarfar í Afríku, og Halla


Tómasdóttir, forstjóri B Team, sem er alþjóðlegur vettvangur áhrifafólks, stjórnmála- og viðskiptamanna.



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Birna Arnbjörnsdóttir, forstöðumaður SVF og Auður Hauksdóttir, fyrrverandi forstöðumaður SVF, tóku á mótí hópnum sem ræddi meðal annars um menningar- og umhverfismál. Við sama tækifæri færði Hadeel Ibrahim Vigdísí Finnbogadóttur að gjöf veglega yfirlitsbók yfir verk Ólafs Elíassonar.

Heimsókn frá Tokai háskóla í Japan

Fulltrúar Tokai háskóla í Tokyo, Japan, heimsóttu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í maí, í Veröld – húsi Vigdísar. Á fundinum var rætt samstarf skólanna um kennara- og nemendaskipti, rannsóknir, þýðingar, menningar-viðburði og tungumálakennslu.



Yuriko Shibayama, lektor í Tokai háskóla, Koji Nakamura, forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu Tokai háskóla, Branislav Bédi, verkefnastjóri Alþjóðaskrifstofu Árnastofnunar, Kiyoshi Yamada, rektor Tokai háskóla, Gunnella Þorgeirsdóttir, lektor í japönsku og Birna Arnbjörnsdóttir, forstöðumaður SVF, sátu fundinn.



Vinnustofa og ráðstefna um Rómafólk

Innan ramma þverfaglega verkefnisins *Roma in the Centre*, þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks, var skipulögð norræn vinnustofa í Veröld – húsi Vigdísar í júní undir nafninu *Roma in the Centre: Narratives by Roma in oral and written culture*.

Í kjölfarið var þriggja daga árleg ráðstefna alþjóðasamtakanna *Gypsy Lore Society* haldin í ágúst, í samvinnu við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, með helstu sérfræðingum heims í málefnum Rómafólks meðal þátttakenda, þar sem einnig fór fram ársfundur samtakanna. Sofiya Zahova, rannsóknarsérfræðingur og

stjórnandi verkefnisins, stýrði báðum viðburðunum, sem vöktu talsverða athygli og fengu ítarlega umfjöllun í fjölmiðlum.



Vistabönd

Sýningin *Vistabönd* opnaði í sýningarsal Veraldar – húss Vigdísar þann 29. ágúst og stóð til októberloka. Til sýnis voru verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld, Kristínu Ómarsdóttur rithöfund og myndlistarmennina Karlottu Blöndal, Unnar Örn myndlistarma, Oliviu Plender og Ragnar Kjartansson. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að tengjast Banff listamiðstöðinni í Alberta í Kanada. Þar

hafa þau dvalið í vinnustofum eða verk þeirra verið flutt. Sýningin var sett upp í tengslum við ráðstefnuna Vistaskipti sem fór fram í Háskóla Íslands í samvinnu við Manitóbaháskóla í ágúst.



Ian McEwan tekur við bókmenntaverðlaunum Laxness

Breski rithöfundurinn Ian McEwan veitti fyrstu alþjóðlegu bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness viðtöku við hátíðlega athöfn í Veröld – húsi Vigdísar þann 19. september. Verðlaunin eru veitt rithöfundi fyrir að stuðla að endurnýjun sagnalistarinnar með verkum sínum. Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, afhenti verðlaunin

og Árni Óskarsson, þýðandi bóka McEwans, sagði frá höfundinum og verkum hans. Að því loknu hélt höfundurinn sjálfur erindi.

Evrópski tungumáladagurinn

Evrópski tungumáladagurinn, þann 26. september, er haldinn hátíðlegur hjá Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og var að venju fagnað með tveimur mikilvægum hópum: börnum og tungumálakennurum.



Börn úr sjöundu bekkjum Austurbæjarskóla heimsóttu Veröld – hús Vigdísar og tóku þátt í tungumálaratleik fyrri hluta dagsins, en síðdegis var haldið málþing um framburð og framburðarkennslu. Þau Marc Daniel Skibsted Volhardt og Ásta Ingibjartsdóttir héldu erindi og að þeim loknum fóru fram líflegar umræður um framburðarkennslu. Dagskráin var haldin með stuðningi mennta- og menningarmála-ráðuneytisins.



Þýðendaping í París og Tókýó

Stofnun Vigdísar ýtti úr vör röð þýðendapinga bæði við Stofnunina og erlendis. Tilgangurinn er að efla þýðingar á

íslenskum bókmenntum og styðja og hvetja þá sem þegar fást við þýðingar. Fyrsta þingið var skipulagt í samstarfi við sendiráð Íslands í París og fór fram í sendiherrabústaðnum í París þann 23. september, með stuðningi frá Miðstöð íslenskra bókmennta og Icelandair. Ásdís R. Magnúsdóttir tók þátt fyrir hönd stofnunarinnar. Þýðendapingið var helgað þýðingum úr íslensku á frönsku, en mikill áhugi er á íslenskum bókmenntum í Frakklandi. Þýðendapinginu var einnig ætlað að vekja áhuga á íslenskunámi og þýðendastarfinu.



Annað þýðendaping var síðan haldið í Tokyo í október. Fulltrúar stofnunarinnar héldu erindi á málþingi í Waseda-háskóla í Tokyo í október sem skipulagt var í samvinnu við

sendiráðs Íslands í Japan og Waseda-háskóla. Eftir opunarræðu Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, fluttu Birna Arnbjörnsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Ingvarsdóttir, lektor í japönsku, erindi. Japanskir fræðimenn tóku einnig þátt í þinginu, auk japanskra íslenskunema.

Stofnun nýrrar rannsóknastofu

STUTT – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum var stofnuð í október innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.



STUTT er vettvangur fyrir rannsóknir, þýðingar og miðlun á smásögum og styttri textum fyrir fræðimenn og þýðendur úr ólíkum áttum. Meðal markmiða STUTT er að standa fyrir málstofum, málþingum og ráðstefnum, skipuleggja og taka þátt í rannsóknarverkefnum, beita sér fyrir útgáfu á smásögum og styttri textum, leiða saman höfundu, þýðendur og fræðafólk úr ólíkum greinum og tungumálum og stuðla að samstarfi við stofnanir innan og utan Háskóla Íslands. Stjórn STUTT skipa: Kristín Guðrún Jónsdóttir, dósent í spænsku, formaður STUTT, Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og Rúnar Helgi Vignisson, dósent í íslensku.

Fundur kvenleiðtoga í Veröld – húsi Vigdísar

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti Íslands, Julia Gillard fyrrverandi forsætisráðherra Ástralíu, Dalia Grybauskaitė fyrrumi forseti Litháen og Irma Erlingsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, ræddu vítt og breitt um konur, tungumál og menningu fyrir fullum sal í Veröld – húsi Vigdísar í nóvember.



Frjóar umræður sköpuðust um konur, tungumál og menningu, bæði meðal þátttakenda í pallborði og gesta í salnum. Ólöf Ragnarsdóttir fréttamaður stýrði umræðum sem hófust eftir inngangsorð Birnu Arnbjörnsdóttur, forstöðumans SVF, og ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors. Fundurinn var haldinn í samstarfi Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og The Council of Women World Leaders, í tengslum við Heimsping alþjóðasamtakanna Women Political Leaders sem samtímis var haldið í Reykjavík.

Ráðstefna um bandarískan natúralisma í bókmenntum

Tveggja daga ráðstefnan *American Literary Naturalism and Its Descendants* var haldin í nóvember, þar sem fjallað var um nýjustu rannsóknir á bókmenntum bandarískra natúralista, einkum höfunda á borð við Frank Norris, Jack London, Stephen Crane, Theodore Dreiser og Edith Wharton, og síðari tíma arftaka þeirra. Margir helstu sérfræðingar heimsins í bókmenntum bandarískra natúralista tóku þátt í ráðstefnunni sem skipulögð var af Gregory Alan Phipps, lektor í enskum bókmenntum.

Norrænt málþing um málsamfélög norðurlandanna

Málþingið *Språksamhällen av idag – stora och små. Villkor och utveckling* var haldið í samstarfi við sænska Örtendahls-sjóðinn. Á þinginu var rætt um áskoranir og þróun málsamfélaga á Norðurlöndunum. Þátttakendur voru Anders Svensson, Auður Hauksdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Jennie Spetz, Lars-Erik Edlund, Michael Riebler, Nanna Stefania Hermansson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson.

Rannsóknir, samstarfsnet og þróunarverkefni

Meðlimir Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur eru virkir í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og samtökum. Stjórn og starfsmenn SVF ákváðu fyrir nokkrum árum að vistfræði tungumála og tungumálatengsl á Vestur-Norðurlöndunum, þ.e. á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og Noregi, yrðu í brennidepli fyrstu árin í starfi Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Rannsóknir

Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði og rússnesku, hlaut öndvegisstyrk til verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarapáttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði**. Í verkefninu er leitast við að rannsaka þá lærdóma sem draga má af íslenska stjórnarskrárferlinu sem hófst árið 2010. Fjallað er um vinnu Stjórnalagaráðs, sem afhenti Alþingi drög að nýrri stjórnarskrá árið 2011, og sömuleiðis um tilraunir til að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á árunum 2018 til 2025.

Pórhallur Eyþórsson, prófessor í málvísindum, er verkefnistjóri í rannsóknarverkefninu **Insular Scandinavian Morphology and Morphosyntax** sem stendur yfir tímabilið 2019-21.

Samstarfsnet

Þrjú rannsóknarnet fjölþjóðlegra teyma fræðimanna sem tengjast þessari áherslu eru nú innan vébanda stofnunarinnar. Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, er í forystu fyrir samstarfsnetinu **Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden**, þar sem sjónum er beint að tengslum tungumála og menningar í Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og á vesturströnd Noregs. Aðrir í netinu eru Katti Frederiksen, forstöðumaður skrifstofu Oqaasileriffik – Málráðs Grænlands og Karen Langgård og Per Langgård, . Frá Noregi taka þátt þau Brit Mæhlum, prófessor við NTNU í Prándheimi, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen og Elizabeth Lanza, prófessor við Háskólann í Osló. Þátttakendur frá Danmörku eru Nina Møller Andersen og Karoline Kühl, frá Kaupmannahafnarháskóla og Peter Juel Henriksen, sérfræðingur hjá Dönsku málnefndinni. Frá Færeyjum eru

Zakaris Svabo Hansen og Bergur D. Hansen, lektorar við Fróðskaparsetur Færeyja, og Malan Marnersdóttir prófessor og frá Svíþjóð Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla. Frá SVF eru þátttakendur í netinu þau Birna Arnbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir verkefnastjóri, Gísli Magnússon, Guðrún Kvaran, Kristján Árnason prófessor emeritar, Pernille Folkmann, Þórhallur Eyþórsson og Þórhildur Oddsdóttir.

Þá eru Birna Arnbjörnsdóttir og Auður Hauksdóttir í forsvari fyrir verkefninu **Sprogbarometer**. Rannsóknin beinist að sambyli ensku, dönsku og heimamálana í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, leiðir rannsóknina **Birtingarmynd tungumáls og menningar í námsgögnum til tungumálakennslu á Norðurlöndum** sem fulltrúar fjögurra háskóla á Norðurlöndunum koma að. Megintilgangur verkefnisins, sem styrkt er af Nordplus Sprog, er að skoða námsefni ætlað til dönskukennslu á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Danmörku, ásamt sænskukennslu í Finnlandi.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, hefur leitt **Rannsóknaverkefni um birtingarmyndir syndarinnar** þar sem fjallað er um uppruna syndarinnar og birtingarmyndir hennar í bókmenntum samtímans, og **Rannsóknaverkefni um viðtökur franskra bókmennta á Íslandi** þar sem fjallað er um þýðingasögu franskra bókmennta á íslensku, allt frá miðöldum til dagsins í dag.

Ingibjörg Ágústsdóttir, dósent í enskum bókmenntum, er í forsvari fyrir **Rannsóknaverkefni um Norðurheimskautssvæðið í skoskum bókmenntum**, þar sem skoskar bókmenntir sem fjalla um Norðurheimskautssvæðið frá nítjándu öld til dagsins í dag eru kortlagðar.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, er einn af forsvarsmönnum **WILA – Vinnustofu um Erfðarmál í Norður og Suður-Ameríku**. Netverkið heldur ráðstefnur til skiptis í Ameríku og Evrópu og gefur út árlegt ráðstefnurit. Birna er einnig einn af forsvarsmönnum **PRISEAL**, alþjóðlegs samstarfsnets um ritun fræðigreina á ensku og áhrif þess samkeppnishæfni fræðimanna sem skrifa á ensku sem öðru máli, á miðlun rannsóknarniðurstaða, og framlags til þekkingar.

Sofiya Zahova, rannsóknarsérfræðingur, stýrir samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þverfaglegu verkefni þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks. Innan ramma verkefnisins var skipulögð norræn vinnustofa í Veröld – húsi Vigdísar um málefni Rómafólks í júní og þriggja daga árleg ráðstefna Gypsy Lore Society, í samvinnu við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands var í framhaldinu haldin í ágúst, þar sem einnig fór fram ársfundur Gypsy Lore Society, en margir helstu sérfræðingum heims í málefnum Rómafólks voru þar meðal þátttakenda. Ítarlegur gagnagrunnur um útgáfu á bókmenntum Rómafólks er einnig hluti af rannsóknaverkefninu, ásamt útgáfu bókarinnar Sunnudagsmatur og fleiri sögur Rómafólks, í ritstjórn Sofíu Zahovu og Ásdísar R. Magnúsdóttur.

Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum, er þátttakandi í rannsóknarnetinu **Emotive Performativity in Northern Europe** sem stendur yfir árin 2019-2021 og í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology** á tímabilinu 2018-2023.



Þróunarverkefni

Auður Hauksdóttir leiðir tvö þróunarverkefni, sem beinast að dönskukennslu í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi á dönsku. Annars vegar námsgagnið **Taleboblen** til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar, og hins vegar gagnvirka tölvuleikinn, **Talerum**, til dönskunáms. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna, þeir stærstu frá Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond, Augustinus Fonden og frá sjóði danska og íslenska menntamálaráðuneytisins til eflingar dönskukennslu. Auður stýrir einnig verkefninu **Frasar**, sem er danskt-íslenskt máltæki á netinu, hannað með það að leiðarljósi að auðvelda Íslendingum tjáskipti á dönsku, en nýtist einnig Dönum sem vilja tjá sig á íslensku.

Íslensk-frönsk veforðabók, **LEXIU**, er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Erlendir samstarfsaðilar eru Sorbonne-háskóla í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð. Vinna við verkefnið hófst árið 2015 og stefnt er á að orðabókin verði tilbúin í lok árs 2021. Verkefnisstjóri og ritstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir en hún og Ásdís R. Magnúsdóttir sitja í fagraði verkefnisins fyrir hönd SVF.



Icelandic Online er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindasviðs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir. Um er að ræða sjö

vefnámskeið í íslensku sem öðru máli sem tekin voru til notkunar á tímabilinu 2004-2013. Námskeiðin eru ætluð til sjálfsnáms og öllum opin án endurgjalds og aðgengileg í tölvum og snjalltækjum. Um 200.000 manns viðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin, þar af eru um 77.000 virkir notendur. Icelandic Online fékk viðurkenningu Íslenskrar málnefndar á Málræktarþingi sem fram fór 26. september 2019. Viðurkenningin var fyrir byrjendanámskeiðið Bjargir sem ætlað er að auðvelda innflytjendum að ná sem fyrst nauðsynlegum tókum á málinu.

Árið 2019 lögðu Birna Arnbjörnsdóttir og Halldóra Þorláksdóttir, ritstjóri hjá Icelandic Online, drög að nýju Icelandic Online námskeiði fyrir börn á aldrinum 5-7 ára og var unnið að fjármögnun þess allt árið. Handritsgerð er í samstarfi við Þorgerði Önnu Björnsdóttur og Kolbrúnu Friðriksdóttur auk þess sem sérfræðingar í máltöku og tungumálakennslu barna voru fengnir til ráðgjafar. Útlitshönnun er í höndum Bjarneyjar Hinriksdóttur og Sigurður Birkir Sigurðsson sér um forritun. Í ritstjórn verkefnisins sitja Birna Arnbjörnsdóttir, Halldóra Þorláksdóttir, Úlfar Bragason, Branislav Bédi og Kolbrún Friðriksdóttir. Áætlað er að verkinu ljúki í árslok 2020.

Útgáfa fræðirita

Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu

Ellefta hefti *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* kom út á árinu. Var þetta í fimmta skipti sem tímaritið kom út í opnum aðgangi á síðunni millimala.hi.is. Ritstjórar heftisins voru Ásdís R. Magnúsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Í Milli mála hefur einnig skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Fimm ritrýndar greinar eru í ellefta hefti Milli mála og er efni þeirra á sviði bókmennta, málvísinda og kennslufræði erlendra tungumála.

Hafið starfar í þögn minni

Bókin *Hafið starfar í þögn minni: Þýðingar á ljóðum eftir Pablo Neruda* í ritstjórn Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku, var gefin út af Stofnun Vigdísar og Háskólaútgáfunni. Í bókinni er að finna, í tvímála útgáfu, heildarsafn þýðinga – af spænsku á íslensku – á ljóðum

